

Sp. 165. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um átak í byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 200 milljónum kr. á núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári þar til þörfinni hefur verið fullnægt. Fjárins verði aflað með sérstökum hátekjuskatti.

Greinargerð.

Húsnæðismál hafa verið í brennidepli undanfarin ár, ekki síst eftir að lán voru vísitölutryggð og eftir að sú ríkisstjórn, sem nú situr, hóf sína miklu árás á kjör almennings. Má fullyrða að sjaldan hafi verið eins erfitt fyrir almenning að eignast eigið húsnæði. Sú stefna hefur verið ríkjandi hér á landi að hvetja fólk til að eignast eigið húsnæði, en mjög lítil áhersla hefur verið lögð á aðrar leiðir, þar á meðal byggingu leiguhúsnæðis. Í nágrenna- löndum okkar hefur það mjög tíðkast að sveitarfélög, byggingarsamvinnufélög eða einkaaðilar byggja leiguhúsnæði, og dugar þó varla til að sinna þörfinni.

Hér á landi eru stórir hópar fólks sem þurfa að leigja sér húsnæði, eða hreinlega vilja það fremur en að eyða mörgum árum í kapphlaup við víxla og afborganir. Í þessum hópi er að finna einstæða foreldra. Skýrsla, sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytisins og kynnt s. l. vor, sýnir glögg að húsnæðismálin eru stærsti vandi einstæðra foreldra. Námsmönnum, sem stunda framhaldsnám, er nánast öllum stefnt til Reykjavíkur og þurfa þeir að leita sér að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru ótaldir aldraðir, fólk sem dvelst tímabundið í bæjum og borg vegna vinnu og svo þeir sem vilja leigja eða eiga ekki annars kost en að leigja sér húsnæði. Á hverju hausti hefst mikið kapphlaup um leiguhúsnæði og er nú svo komið að leiga er orðin himinhá á almennum leigumarkaði og langt fyrir ofan greiðslugetu t. d. einstæðra foreldra, sem flestir eru láglaunafólk, svo og námsmanna.

Sú tillaga, sem hér er flutt, á að þjóna þeim tilgangi að hvetja ríkisstjórnina til átaks í málefnum leigjenda sem ekki þola neina bið. Það má benda á að Félagsstofnun stúdenta, sem gegnir m. a. því hlutverki að byggja húsnæði fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, getur aðeins leigt um 4% þeirra húsnæði. Þá eru eftir nemendur við aðra skóla. Hjá Verkamannabústöðunum sóttu 900 manns um íbúð (til kaups) en 300 fengu, og hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru um a. m. k. 6—700 fjölskyldur á biðlista eftir leiguhúsnæði. Þá má minna á að víða um land er skortur á þægilegu og ódýru húsnæði fyrir fólk sem þangað kemur til vinnu, t. d. kennara, og þarf ídulega að hola þeim niður einhvers staðar, en það leiðir af sér að þeir haldast ekki við á staðnum. Þannig mætti lengi telja. Allt ber að sama brunn: Það verður að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr þenslunni á leigumarkaðnum og einnig að leysa vanda þess stóra hóps sem þarf á leiguhúsnæði að halda.

Tillagan gerir ráð fyrir að 200 milljónum kr. verði varið til þessa verkefnis og gefur auga leið að sú upphæð dugar hvergi nærri. Húsnæðiskerfið er svelt eins og er og því er ekki stætt á að ætlast til þess að hluti af því fé, sem nú er ætlað til húsnæðislána, fari til þess átaks sem tillagan gerir ráð fyrir. Því er lagt til að lagður verði sérstakur hátekjuskattur á þá einstaklinga sem höfðu yfir 500 000 kr. í tekjur á s. l. ári og færa þannig hluta af því fjármagni sem láglaunastefna ríkisstjórnarinnar hefur fært þeim sem meira mega sín aftur til þeirra sem borið hafa hitann og þungann af efnahagsaðgerðum stjórnarinnar. Ekki væri hægt að hugsa sér meiri eða betri kjarabót fyrir t. d. einstæða foreldra en ódýrt og hagkvæmt húsnæði sem tryggði öryggi um nána framtíð.

Þá má gera ráð fyrir því að aukið fjármagn til byggingar leiguíbúða verði sveitarfélögum og félagasamtökum hvatning til að hefjast handa og má minna á að húsnæðissamvinnufélagið Búseti bíður óþreyjufullur eftir að reisa hús yfir u. þ. b. 2700 félagsmenn sína.

Hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir konur sem fylla láglaunahópa þessa lands, svo og alla þá sem eru þeirrar skoðunar að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr og hvaða eignaform er á því.